

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasviði Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2021

**Efni: Umsögn Aðalbjargar Egilsdóttur um frumvarp til laga um vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 368. mál.**

Það er mikið fagnaðarefni að fram sé komið það frumvarp sem hér verður fjallað um. Mikilvægt er að auka vernd villtra fugla og spendýra á og við Ísland og er margt í frumvarpinu til mikilla framfara. Samt sem áður eru atriði sem undirrituð telur nauðsyn að breyta til að styðja sem best við stofna villtra dýra hér á landi.

*2. gr. Gildissvið.*

Fyrst og fremst mótmæli ég því að lögin skulu ekki ná til sjávarspendýra við Ísland, þ.e. sela og hvala. Bæði land- og útselur hefur verið á undanhaldi síðustu áratugi og nú er mál að linni. Tækifæri eru til að auka vernd þeirra selategunda sem hafast að hér við land og hvet ég til að þau verði gripin. Sömuleiðis er mikilvægt að efla vernd hvala við Ísland. Hvalir gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í vistkerfum sjávar, og þá sér í lagi þegar kemur að færslu næringarefna frá efsta lagi sjávar og niður á botn.

*3. gr. Orðskýringar.*

Nauðsyn er að skerpt verði á skilgreiningu um ágengar tegundir og sá munur á framandi og upprunalegri tegund sé m.a. að upprunaleg tegund geti aldrei verið ágeng. Ég legg til að skilgreiningu um upprunalega (innlenda) tegund verði bætt við, og skilgreining á ágengri tegund bætt. Þær skilgreiningar sem lagðar voru til í skýrslunni „*Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur*“ (villidýraskýrslan) tel ég að myndu bæta úr þessu. Því legg ég til eftirfarandi viðbót og breytingu:

***Upprunaleg (innlend, náttúruleg) lifvera/[tegund]:*** Tegund, undirtegund eða lægri flokkunareining (svo sem afbrigði, kyn eða stofn) innan náttúrulegs útbreiðslusvæðis, þ.e. sem hefur þróast þar eða komist þangað eftir náttúrulegum leiðum.


***Ágeng tegund:*** Framandi lifvera sem a) sýnir mikla eða hraða útbreiðsluaukningu af eigin rammleik eða b) veldur eða er líkleg til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni, efnahagslegu eða umhverfislegu tjóni eða er skaðleg heilsufari manna.

Að auki er víða í skýrslunni vísað til upprunalegra tegunda sem ágengra og legg ég til að bætt verði úr því. Hægt væri að bæta við skilgreiningu um ágreiningstegund, sem næði yfir upprunalegar tegundir sem taldar eru valda tjóni, svo sem fjárhagslegu eða heilsufarslegu. Hér mæli ég sömuleiðis með skilgreiningu úr villidýraskýrslunni.

**Ágreiningstegund:** Upprunaleg tegund sem valdið getur fjárhagslegu eða heilsufarslegu tjóni við tilteknar aðstæður á afmörkuðum svæðum.

Tel ég að þessar breytingar myndu bæta stöðu villtra fugla og spendýra á og við Ísland töluvert.

Virðingarfyllst,



Aðalbjörg Egilsdóttir,

líffræðingur og meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði,

ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði loftslagsmála